

47. fundur

17. desember 2014

1201046SA SBG

Málalykill: 502

Fundargerð samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Þroskaþjálfafélags Íslands

Fundur var haldinn í samstarfsnefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga og Þroskaþjálfafélags Íslands þann 17. desember 2014 kl. 14:00.

Fulltrúar Þroskaþjálfafélags Íslands á fundinum voru: Anna Lilja Magnúsdóttir og Laufey Gissurardóttir. Fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga á fundinum voru: Berglind Eva Ólafsdóttir og Sólveig B. Gunnarsdóttir, sem ritaði fundargerð.

1. Launaröðun ráðgjafarþroskaþjálfa í Hafnafjarðarkaupstað og í Mosfellsbæ framhald frá síðasta fundi:

Ráðgjafarþroskaþjálfar telja starfaskilgreiningu umsjónarþroskaþjálfa 1 eiga við um störf sín.

Niðurstaða:

SNS leitar eftir afstöðu hlutaðeigandi sveitarfélaga um erindið.

2. Könnun um þóknun skv. grein 1.5.3 vegna forstöðuþroskaþjálfa.

Könnunin sem á að gera meðal forstöðuþroskaþjálfa samkvæmt bókun 2 í samstarfsnefndarfundargerð frá 30. mars 2014.

Niðurstaða:

Ákveðið að senda út könnun þar sem spurt verður um fjölda yfirvinnutíma forstöðumanna, hvort tekið sé tillit til kaffitíma í ákvörðuðum tímum eða hvort sérstaklega er greitt fyrir kaffitíma auk þess hvernig greitt er fyrir staðnar vaktir eða hvort þóknunin er ákvörðuð með öðrum hætti en yfirvinnu og þá hvernig. Stefnt er að því að senda út könnunina fyrir mánaðarmót.

Fleira ekki gert

Fundi slitið kl. 14:47